RÍKISKAUP

Ársskýrsla 2013-2015

Efnisyfirlit

Ávarp forstjóra 3
Almennt um Ríkiskaup 6
Skipulag og starfsemi sviða 8
Mannauður 10
Viðhorf viðskiptavina 12
Starfsemin 2013-2015 13
- Rammasamningar ríkisins 13
- Útboðsþjónusta 15
- Nýsköpun við innkaup 18
- Eignasala 19

Innviðir 20
Fræðslustarf 22
Samstarfsverkefni 27
Fjármál og rekstur 31

Ársskýrslan er eingöngu gefin út á rafrænu formi.
Hönnun og umbrot: Ríkiskaup, júlí 2017.

Halldór Ó. Sigurðsson, forstjóri

Ávarp forstjóra

Ríkiskaup starfa í kviku umhverfi opinberra fjármála og viðskipta og hafa það hlutverk að stuðla að sem mestri hagkvæmni í öflun aðfanga til ríkisrekstrar með áherslu á gegnsæi, virka samkeppni, jafnræði og nýsköpun. Stofnuninni er einnig ætlað að láta í té aðstoð og leiðbeiningar á þessu sviði sem hefur verið sívaxandi síðustu ár vegna flókins lagaumhverfis. Innkaup skulu vera í samræmi við lög um opinber innkaup og tilskipanir Evrópusambandsins sem þau lög byggja á. Ríkiskaup þjónusta ekki aðeins ríkisstofnanir og -fyrirtæki heldur einnig aðra opinbera aðila, t.d. sveitarfélög sem það kjósa. Starfsemin er mjög fjölbreytileg bæði vegna ólíkra viðskiptavina og ólíks eðlis innkaupanna. Nægilegt efni hefur því verið í áhugaverða umfjöllun um starfsemina en í annríki undanfarinna ára hefur ársskýrsla ekki verið gefin út. Þessari skýrslu fyrir rekstrarárin 2013 – 2015 er ætlað að endurlífga árlega umfjöllun um starfsemina og opinber innkaup.

Á því þriggja ára tímabili sem þessi ársskýrsla nær yfir var unnið að margskonar breytingum til að styrkja faglega hæfni og auka skilvirkni hjá Ríkiskaupum. Á þessum tíma fjölgaði þjónustuverkefnum um 46%. Þau voru 155 árið 2012 en 226 árið 2015 fyrir utan innkaupaverkefni. Stöðugildum var fjölgað um tæp 3 eða 12% en verkefnum á hvert stöðugildi fjölgaði um 30%. Mikilvægasta breytingin var að koma á virku gæðakerfi til að styðja við stjórnun stofnunarinnar og bæta þjónustuna.

Öllum skjölum stofnunarinnar eldri en 30 ára, allt frá árinu 1958, var umpakkað og skilað til Þjóðskjalasafns lögum samkvæmt og undirbúningur hafinn að skilum á rafrænni málaskrá. Úrelt hugbúnaðarkerfi stofnunarinnar voru endurnýjuð og þar með gengið verulega á eigið fé hennar. Boðið var út nýtt verkefnastjórnunarkerfi, einnig vefgátt til að koma á sjálfvirkni við umsýslu rammasamninga og fjárhags- og verkbókhald fært yfir í Orra, fjárhags- og innkaupakerfi ríkisins. Bifreiða- og tækjasala var endurskipulögð og sett í nútímalegt rafrænt uppboðsform hjá þjónustuaðila eftir 38 ára samfellda starfsemi í Borgartúni 7.

Stefna Ríkiskaupa var endurskoðuð í samræmi við meginmarkmið stofnunarinnar sem bundin eru í lögum um opinber innkaup. Nýja stefnan, sem mótuð var af stjórnendum og starfsmönnum með áherslu á stefnumiðað árangursmat, var hrint í framkvæmd í febrúar 2014 með skorkorti og síðar sama ár með endurskoðuðu stefnuskjali. Þessi vinna lagði

grunninn að innleiðingu gæðakerfis Ríkiskaupa skv. ISO 9001 gæðastjórnunarstaðlinum á vormánuðum 2015 sem áætlað var að lyki fyrir árslok 2016. Þess er vænst að kostnaður við aukið gæðastarf muni skila sér í sparnaði í formi aukinna afkasta í allri starfseminni, auk bættrar þjónustu, ímyndar og aukinnar ánægju starfsmanna og viðskiptavina.

Á þessu árabili var lagður grunnur að breyttum áherslum stjórnvalda í innkaupum hins opinbera. Annars vegar með aðgerðum þeirra til umsnúnings íslensks efnahagslífs og hins vegar með nýrri tilskipun og stefnu Evrópusambandsins um opinber innkaup. Í ársbyrjun 2013 var settur á fót þverpólitískur og þverfaglegur samráðsvettvangur um aukna hagsæld á Íslandi. Tillögur verkefnahópsins um mikilvægi aga og samstöðu í opinberum innkaupum til framleiðniaukningar í opinberum rekstri vöktu athygli stjórnmálamanna, fjölmiðla og fleiri. Í kjölfarið skipaði fjármála- og efnahagsráðherra starfshóp vorið 2014 sem vinna átti að frekari athugunum og tillögum að árangursríkari innkaupum. Þá var stofnaður verkefnahópur í fjármála- og efnahagsráðuneytinu haustið 2015 til að vinna að frekari útfærslu og fyrstu tilraunum með sameiginleg innkaup.

Ný tilskipun um opinber innkaup tók gildi í febrúar 2014 sem fól í sér endurskoðun stefnu um opinber innkaup. Þar kemur m.a. fram að í áætlun Evrópuríkja um aukinn hagvöxt gegna opinber innkaup lykilhlutverki í að ná fram bestu mögulegu nýtingu opinbers fjármagns. Íslandi, sem aðildarlandi að Evrópska efnahagssvæðinu, ber skylda til að innleiða tilskipanir á sviði opinberra innkaupa. Í því skyni var nauðsynlegt að endurskoða og færa lög og reglur um opinber innkaup til nútímahorfs og áttu Ríkiskaup fulltrúa í starfshópi sem vann að endurskoðun laganna. Af fjölmörgum breyttum áherslum má nefna aukin sameiginleg innkaup, samstarf miðlægra innkaupastofnana, nýsköpun í innkaupum og aukið vægi umhverfis- og félagslegra þátta við innkaup á vöru, verkframkvæmd eða þjónustu.

Starfsmenn Ríkiskaupa hafa á þessum árum samhliða aukinni daglegri vinnu bætt á sig ýmsum aukaverkefnum tengdum öllum þeim fjölbreyttu viðfangsefnum sem nefnd hafa verið. Á sama tíma hefur verið unnið að nauðsynlegum endurbótum á húsnæði Ríkiskaupa en rakaskemmdir fundust við úttekt Vinnueftirlitsins árið 2013. Við ítarlega rannsókn á loft- og byggingarefnissýnum árið 2014 greindist fúi og myglusveppur í timbri í lofti í útbyggingu og í kjallara þar sem skjöl lágu undir skemmdum. Eftir mikið umrót og lagfæringarnar var gerð samanburðarrannsókn árið 2015 sem leiddi í ljós að inniloft væri orðið gott. Starfsmenn eiga miklar þakkir skildar fyrir dugnað, þolinmæði og sveigjanleika sem þeir sýndu á þessu tímabili og að láta umrótið ekki bitna á viðskiptavinum Ríkiskaupa sem hafa staðfest það í þjónustukönnunum.

Halldór Ó. Sigurðsson
forstjóri

Núverandi forstjóri, Halldór Ó. Sigurðsson og tveir fyrrverandi forstjórar, Ásgeir Jóhannesson og Júlíus S. Ólafsson. Myndin er tekin á 65 ára afmæli stofnunarinnar 15. janúar 2014.



Tilboðskassinn góði minnir á gamla tíma þegar bílauppboð voru haldin í portinu í Borgartúni.

Almennt um Ríkiskaup

Þjónusta Ríkiskaupa felst í sérhæfðum innkaupalausnum fyrir ríkisstofnanir og fyrirtæki í rekstri ríkissjóðs þar sem þjónustan er sniðin að þörfum viðskiptavina. Tekna er aflað með útboðsþjónustu, rekstri rammasamninga ríkisins, innkaupaþjónustu sem og með sölu eigna ríkisins. Ríkiskaup þjónusta einnig aðra opinbera aðila, þ.e. sveitarfélög og veitustofnanir. Markmiðið með þjónustu Ríkiskaupa er ávallt að hámarka hagkvæmni og skilvirkni innkaupa hjá opinberum aðilum og efla vistvæn innkaup og nýsköpun án þess að víkja frá kröfum um virka samkeppni og hæfi þeirra sem versla við ríkið. Ríkiskaup leggja þannig sitt af mörkum til þess að rekstur þjóðarbúsins verði sem hagkvæmastur.

Ríkiskaup eru A-hluta stofnun sem heyrir undir fjármála- og efnahagsráðuneytið og er stofnunin rekin með sjálfsaflafé. Starfsemi Ríkiskaupa er bundin í lög um opinber innkaup nr. 84/2007 og reglugerðir á grundvelli þeirra en auk þess ber að tryggja að starfsemin sé í samræmi við Evróputilskipanir á þessu sviði.

Stefnuyfirlýsing Ríkiskaupa

Í lok árs 2013 hófst vinna við gerð nýrrar stefnu fyrir Ríkiskaup í samræmi við meginmarkmið stofnunarinnar sem fram koma í lögum um opinber innkaup. Nýja stefnan var mótuð af bæði stjórnendum og öðrum starfsmönnum með áherslu á stefnumiðað árangursmat. Henni var hrint í framkvæmd í febrúar 2014 með kynningu á skorkorti og síðar sama ár endurskoðuðu stefnuskjali sem lagði grunninn að innleiðingu gæðakerfis Ríkiskaupa á vormánuðum 2015. Stefnan er endurmetin árlega og breytt ef þróun í starfsumhverfi og/eða aðrar ástæður gefa tilefni til.

Hlutverk

Hlutverk Ríkiskaupa er að stuðla að sem mestri hagkvæmni í öflun aðfanga til ríkisrekstrar með áherslu á virka samkeppni, jafnræði og nýsköpun.

Meginmarkmið

- Veita framúrskarandi þjónustu á sviði opinberra innkaupa
- Stuðla að virkri samkeppni og jafnræði milli aðila á markaði
- Auka nýsköpun og skilvirkni í innkaupum
- Miðla þekkingu og reynslu sem stuðlar að hagkvæmni í ríkisrekstri

Framtíðarsýn

Ríkiskaup eru eftirsótt og viðurkennd sem fyrsta flokks þjónustustofnun á sviði opinberra innkaupa. Framlag Ríkiskaupa til verðmætasköpunar og hagkvæmni í ríkisrekstrinum er óumdeilt.

Gildi

- HAGSÝNI – Við náum árangri í störfum okkar með hagkvæmni að leiðarljósi.
- ÞEKKING – Við höfum sérþekkingu á opinberum innkaupum og miðlum henni með þjónustu okkar.
- HEIÐARLEIKI – Við fylgjum siðareglum og leggjum áherslu á gagnsæi og jafnræði í störfum okkar.

Skipulag og starfsemi sviða

Starfsemi Ríkiskaupa árin 2013 – 2015 fór fram á fjórum sviðum; lögfræðisviði, ráðgjafasviði, rekstrarsviði og viðskiptaþróunarsviði.

Lögfræðisvið

Verkefnum lögfræðisviðs er skipt upp í tvo meginþætti, þ.e. lögfræðiþjónustu og eignaumsýslu. Lögfræðiþjónustan felst m.a. í ráðgjöf til ráðuneyta, stofnana, sveitarfélaga og annarra opinberra aðila á sviði opinbers innkauparéttar, þ.m.t. er lögfræðiráðgjöf vegna útboðsgagna og samningagerðar og fyrirsvar fyrir Ríkiskaup og aðra opinbera aðila vegna kærumála hjá kærunefnd útboðsmála. Þá sér lögfræðisvið um kynningar og fræðslustarf á sviði opinberra innkaupa og ritstýringu grunnskjala sem notuð eru við opinber útboð. Lögfræðingar stofnunarinnar hafa að auki annast kennslu í opinberum innkauparétti á námskeiðum í samstarfi við Stofnun stjórnsýslufræða.

Í eignaumsýslu fyrir ríkið fellst milliganga um sölu og kaup á fasteignum, útleigu og leigu fasteigna, sölu notaðra bifreiða, tækja auk annarra lausamuna. Þá fellur einnig undir sviðið mat á jörðum, lóðum og landsvæðum í eigu ríkisins. Starfsmaður sviðsins gegnir hlutverki trúnaðarmanns í hönnunarsamkeppnum arkitekta og er ritari bílanefndar ríkisins.

Talsverðar breytingar urðu á starfsemi lögfræðisviðs frá árinu 2013 en þá urðu breytingar á lögum um opinber innkaup sem juku réttarúrræði fyrirtækja vegna brota á lögum um opinber innkaup og um það leyti hóf ný kærunefnd útboðsmála störf. Aukin þörf varð á fræðslu og lögfræðiaðstoð Ríkiskaupa vegna kærumála. Við lagabreytinguna 2013 var m.a. lögleitt það úrræði kærunefndar að leggja stjórnvaldssektir á opinbera aðila og gera ólögmæta samninga óvirka en það þýðir að ekki er heimilt að efna samning skv. efni hans. Einnig voru heimildir til að kæra opinber innkaup rýmkuð. Árið 2013 vann lögfræðisvið í samstarfi við fjármála- og efnahagsráðuneytið að nýjum siðareglum fyrir innkaupastarfsmenn sem ráðuneytið gaf út. Á árinu 2015 hófst vinna við endurskoðun laga um opinber innkaup og tók yfirlögfræðingur Ríkiskaupa þátt í þeirri vinnu í starfshópi á vegum fjármála- og efnahagsráðuneytisins sem Hrafn Hlynsson, lögfræðingur ráðuneytisins, stýrði.

Starfsmenn sviðsins voru 3-5 á tímabilinu, yfirlögfræðingur, lögfræðingur og 1-3 verkefnastjórar. Yfirlögfræðingur var Dagmar Sigurðardóttir hdl. sem tók við af Guðmundi I.

apríl 2013 – 2015 fór fram á fjórum sviðum, lögfræðisviði, ráðgjafa viði.

Guðmundssyni í apríl 2013 en hann hafði starfað hjá Ríkiskaupum allt frá árinu 1974.

Rekstrarsvið

Meginverkefni rekstrarsviðs er að annast fjárreiður Ríkiskaupa og uppgjör í samræmi við kröfur Fjársýslu ríkisins og gera fjárhag þess eins sýnilegan og kostur er. Jafnframt aflar sviðið aðfanga stofnunarinnar og leggur áherslu á að hámarka nýtingu fjármuna. Undir sviðið fellur umsjón með rekstri vél- og hugbúnaðarkerfa þannig að þau mæti þörfum starfseminnar og starfsmanna hverju sinni. Mannauðsmál heyra einnig undir sviðið og ýmis umsýsla því tengd, s.s. launaútreikningar, stofnanasamningar, ráðningar, afgreiðsla ýmissa styrkja o.fl. Þá heyrir símaskiptiborð og móttaka undir sviðið.

Starfsmenn rekstrarsviðs voru fjórir á tímabilinu, móttökuritari, bókari, aðalféhirðir og rekstrarstjóri. Rekstrarstjóri var Hallgrímur Gröndal.

Ráðgjafarsvið

Meginviðfangsefni Ráðgjafarsviðs er innkauparáðgjöf og mótun innkaupaferla fyrir kaupendur hjá ríkinu, stofnunum þess og fyrirtækjum. Helstu innkaupaferlar eru tveir þ.e. rammasamningsútboð og almennt útboð. Þá sér sviðið um innflutning vöru í kjölfar útboða, auk almennrar innkaupaþjónustu fyrir kaupendur á vörum innanlands og frá útlöndum.

Á tímabilinu störfuðu að jafnaði átta verkefnastjórar, auk útboðsfulltrúa, innkaupafulltrúa og forstöðumanns sviðsins sem var Guðmundur Hannesson.

Viðskiptaþróunarsvið

Helstu verkefni viðskiptaþróunarsviðs snúa að rekstri rammasamningakerfisins, þ.e. að safna veltutölum frá seljendum, annast samn-



ingsstjórnun og greiningarvinnu á framvindu einstakra rammasamninga, auk þess að sjá um markaðs-, kynningar- og fræðslustarf. Eitt meginhlutverk Ríkiskaupa er að standa fyrir fræðslu um allt sem snýr að opinberum innkaupum, auk þess að fræða og upplýsa kaupendur í rammasamningum um gildi rammasamninga og bestu leiðir til að nýta þá við innkaup stofnana.

Á tímabilinu störfuðu 2-6 starfsmenn á sviðinu. Forstöðumaður sviðsins var Sigurður Kr. Björnsson.

Mannauður

Hjá Ríkiskaupum störfuðu á tímabilinu að jafnaði um 26 manns í um 25 stöðugildum. Mannauður stofnunarinnar hefur yngst á síðustu árum og starfsaldur að sama skapi lækkað. Hlutfall starfsmanna með háskólapróf er hátt, en í lok tímabils var það rúmlega 70%. Þá var drjúgur helmingur starfsmanna með meistarapróf. Nokkrir starfsmenn hafa stundað nám til meistaraprófs meðfram vinnu enda er það hvatt til endurmenntunar.

Starfsmannafélagið Búðir hefur verið starfandi um árabil og stendur fyrir ýmsum uppákomum. Fastir liðir í starfinu á tímabilinu 2013 – 2015 voru að standa fyrir þátttöku starfsmanna í Lífshlaupinu, heilsuviku, grilli í porti, golfmótinu „Búðir-Open“, árshátíð, einni óvissu/útvistarferð og jólagleði. Að auki voru leikhúsferðir, kvöldstund í Ostaskóla Búrsins, indverskt matreiðslunámskeið og farið saman á krár og veitingahús. Allt frá árinu 2001 hafa starfsmenn haldið árshátíð í útlöndum annað hvert ár. Árið 2013 var farið í árshátíðarferð til Tallinn. Árið 2015 var stefnan sett á Stokkhólm og tækifærið nýtt til símenntunar og eflingar tengsla við systurstofnanir Ríkiskaupa með heimsóknum til Statens inköbscentral og SKL Kommentus.

Á þessum árum létu 2 starfsmenn af störfum sökum aldurs og einn féll frá. Allir höfðu þeir léð Ríkiskaupum starfskrafta sína um langt árabil. Þeir eiga þakkir skilið fyrir sitt góða starf og tryggð við Ríkiskaup.





Guðmundur I. Guðmundsson starfaði hjá Ríkiskaupum 1974-2013: Guðmundur hafði starfað í rúm 39 ár hjá Ríkiskaupum þegar hann lét af störfum í lok árs 2013. Hann hóf fyrst störf sem aðstoðarskrifstofustjóri en var ráðinn í starf skrifstofustjóra Innkaupastofnunar ríkisins árið 1978. Undir skrifstofu hans heyrðu fjármál, starfsmannahald, lögfræðimál, eignasala og ýmis stærri útboð s.s. bílakaup og tryggingarmál ríkisins. Við inngöngu Íslands í ESS urðu lögfræðimál mun fyrirferðameiri og fékk hann þá starfsheitið yfirlögfræðingur Ríkiskaupa með sömu viðfangsefni fyrir utan fjármál og starfsmannahald.

Óskar Ásgeirsson starfaði hjá Ríkiskaupum 1968-2015: Óskar hafði verið starfsmaður Ríkiskaupa í tæp 48 ár þegar hann lést þann 31. ágúst 2015. Hann kom til starfa í upphafi árs 1968 um leið og verkefni Viðtækjaverslunar Íslands var flutt til Innkaupastofnunar ríkisins. Stofnunin tók einnig við verkefnum Vélasjóðs ríkisins á sama tíma sem urðu síðar mjög stór þáttur í starfi hans hjá stofnuninni. Hann vann til fjölda ára við sölu notaðra bifreiða og tækja ríkisins, var ritari og starfsmaður bílanefndar ríkisins og vann einnig að sölu fasteigna í ríkiseigu.

Guðrún Jóhannsdóttir starfaði hjá Ríkiskaupum 1990-2013: Guðrún hafði unnið hjá Ríkiskaupum í rúm 23 ár þegar hún lét af störfum. Hún vann lengst af sem gjaldkeri og svo sem bókari Ríkiskaupa. Hin síðari ár vann hún á viðskiptaþróunarsviði við samningsstjórnun rammasamninga. Hún kom að ýmsum öðrum verkefnum samhliða aðalstarfi sínu svo sem að gerð nokkurra verkferla fyrir gæðahandbók sem kom út 2005 og þá var hún um tíma trúnaðarmaður starfsmanna hjá SFR.

Úr 3. gr. laga starfsmannafélagsins Búða sem stofnað var 29. desember árið 1965: Tilgangur félagsins er að efla félagslíf meðal starfsmanna Innkaupastofnunar ríkisins á þann hátt sem félagsmenn telja æskilegast hverju sinni, svo sem með fræðslu- skemmti- og kynningarfundum og kvöldvökum. Enn fremur með ferðalögum og byggingu sumarskála fyrir meðlimi félagsins. Hugmynd að nafninu Búðir átti Ásgeir Jóhannesson þáverandi forstjóri. Nafngiftina kvað hann viðeigandi þar sem starfsmenn ynnu í eins konar verslun og helsta markmið þess tíma var að koma upp sumarbúðum fyrir starfsfólk.

Viðhorf viðskiptavina

Til þess að laga sig að síbreytilegu umhverfi og þörfum hagsmunaaðila hafa Ríkiskaup á tveggja ára fresti lagt þjónustukönnun fyrir viðskiptavini sína. Á tímabilinu var könnunin lögð fyrir í apríl-maí 2014. Könnunin var tvískipt, þ.e. annars vegar voru kaupendur (stofnanir, ríkisfyrirtæki) spurðir og hins vegar seljendur (birgjar). Capacent gerði þessa netkönnun. Í úrtaki voru 649 viðskiptavinir Ríkiskaupa. Svarhlutfall kaupenda var 177 af 379 aðspurðum eða 47% og hjá seljendum 130 af 270 eða 48%. Spurt var um almenna þjónustu Ríkiskaupa líkt og áður hefur verið gert, en nú var einnig sérstaklega spurt eftir því hvort viðskiptavinir þekktu til og/eða nýttu sér örútboð innan rammasamninga.

Niðurstöður könnunarinnar sýndu að bæði kaupendur og seljendur töldu Ríkiskaup veita góða og faglega þjónustu. Hæfni og þekking starfsmanna var talin góð og sama átti við um ímynd Ríkiskaupa. Ekki höfðu margir nýtt sér örútboð innan rammasamninga eða um 33% kaupenda á meðan 29% seljenda höfðu reynslu af örútboðum. Það sem helst var sett út á þjónustu Ríkiskaupa af hálfu kaupenda, var að regluverk var talið vera of stíft á stundum, sumum þótti þjónusta Ríkiskaupa dýr á meðan aðrir fundu að vefsíðu Ríkiskaupa og fannst erfitt að finna upplýsingar þar. Seljendur voru almennt mjög ánægðir með starfsmenn Ríkiskaupa, þóttu þeir hafa faglegt og gott viðmót og upplýsingagjöf almennt góð. Seljendur kvörtuðu helst yfir því að of mikið væri um að kaupendur versluðu utan rammasamninga eða við seljendur sem ekki væru aðilar að slíkum samningum. Í kjölfar könnunarinnar var settur á fót vinnuhópur sem hafði umsjón með úrbótum.

Starfsemin 2013-2015

Rammasamningar ríkisins

Nokkur breyting var gerð á rammasamningskerfi ríkisins á tímabilinu með aukinni áherslu á örútboð innan rammasamninga. Í því felst að kaupandi leitar tilboða meðal allra rammasamningshafa sem efnt geta samninginn þar sem kveðið er nánar á um verkefnið og óskað eftir tilboðum í tiltekin atriði s.s. útfærslu, tímaáætlun og heildarverð.

Nefna má að árið 2014 voru 20 ár frá því að fyrsti rammasamningurinn var gerður hjá stofnuninni. Hann var um kaup á ljósaperum frá Heimilistækjum hf. og Jóhanni Ólafssyni og Co.

Ríkiskaupum ber að halda utan um upplýsingar um sölu skv. rammasamningum til þess að fylgjast með notkun kaupenda á þeim, vegna áætlanagerðar og upplýsingagjafar til ráðuneytis og fleiri s.s. seljenda á markaði. Þessar upplýsingar eru einnig grunnur að tekjuöflun Ríkiskaupa sem stendur undir rekstri rammasamningakerfisins. Reiknuð er umsýsluþóknun af heildarveltu samninga sem seljendur standa skil á til Ríkiskaupa. Hafin var hönnun á sjálfvirku kerfi til þess að safna saman veltutölunum en kerfið mun spara bæði tíma og fjármagn. Kerfið var tekið notkun áramótin 2015-2016.

Árið 2014 var ráðist í kynningarátak á rammasamningakerfinu meðal viðskiptavina Ríkiskaupa og stóð það yfir fram eftir árinu 2015. Átakið fólst í heimsóknum þar sem breytingarnar á rammasamningskerfinu voru kynntar með áherslu á notkun örútboða og vistvæn innkaup. Mikilvægt er að innkaupaaðilar á vegum hins opinbera séu upplýstir um þær skyldur og kvaðir sem hvíla á þeim sem fara með opinbert fé.

Unnið er að greiningu á rammasamningum ríkisins, til að meta ávinning af þeim. Niðurstöður eru notaðar til þess að bæta samningana við endurútboð. Í því felst að safna og greina gögn sem tengjast rekstri samninganna og hafa samskipti við kaupendur og seljendur til að meta ánægju þeirra og fá álit á gagnsemi samninga. Á tímabilinu var skerpt á teymisvinnu við útboð á rammasamningum, með samvinnu starfsmanna sem sjá um samningsstjórnun og verkefnastjórn.



Rammasamningsútboð er formlegt útboðsferli sem Ríkiskaup framkvæma fyrir hönd margra kaupenda þar sem tiltekin atriði útboðs eru ekki fest niður t.d. verð, magn eða afgreiðslutími. Í kjölfar útboðsins er gerður samningur, rammasamningur við einn eða fleiri birgja um innkaup á vöru og/eða þjónustu á samningstímanum sem getur verið allt að fjögur ár frá undirritun rammasamningsins. Fari innkaup yfir ákveðna fjárhæð, sem tiltekin er eftir atvikum í sérhverju útboði, eru þau boðin út í örútboði meðal rammasamningshafa. Ríkiskaup fá tekjur af rammasamningum með umsýsluþóknun sem seljendur skila vegna viðskipta innan rammasamninga og á þóknunin að standa undir rekstri rammasamninganna. Umsýsluþóknunin er hlutfall af veltu seljanda og hefur hlutfallið lækkað jafnt og þétt eftir því sem samningar hafa stækkað og þeim fjölgað.

Örútboð er innkaupaferli þar sem kaupandi leitar tilboða meðal aðila í rammasamningi þar sem kveðið er nánar á um það sem óskast keypt, þ.e. tæknilýsing, valforsendur og tímaáætlun. Tilgangurinn með örútboðum er að ná sem bestum kjörum fyrir tiltekin innkaup hverju sinni

Ríkisstofnunum er skylt, skv. lögum um opinber innkaup, að versla í gegnum rammasamningskerfið þegar gerður hefur verið rammasamningur um tiltekna vöru eða þjónustu og nýta sér örútboð til þess að ná sem hagstæðustum kjörum, sé innkaupafjárhæð yfir ákveðnum mörkum.



Starfsmenn bregða á leik á samkomu Búða. Túlkun á grænum innkaupum og vistvænum rammasamningum.

Útboðsþjónusta

Ríkiskaup annast fjölmörg útboð á hverju ári. Á tímabilinu voru auglýst og framkvæmd á fimmta hundrað almenn útboð að ótöldum öðrum verkefnum, s.s. söluverkefnum og ýmsum ráðgjafaverkefnum. Útboðsverkefnin voru mjög mismunandi að stærð og flækjustigi og sum hver nýstárleg. Hér á eftir koma örfá dæmi sem sýna fjölbreytileikann í verkefnum og þá staðreynd að útboð skila árangri.

Kortlagning auðlinda í ferðaþjónustu: Hér var á ferðinni nýstárlegt verkefni sem fjallaði um kortlagningu auðlinda í ferðaþjónustu fyrir Ferðamálastofu. Verkefnið var tímafrekt þar sem mikinn tíma tók að skilgreina umfangið. Sammælst var um að markmiðið væri að kortleggja staði þar sem upplifa má staðbundna og sérstaka eiginleika í náttúrufari eða menningu og hefðu mögulegt aðdráttarafl fyrir ferðafólk. Í matslíkani var tekið tillit til fjölda boðinna lýsinga, gæða lýsinganna og hugsanlegra mynda. Afurð verkefnisins var skemmtileg vefsjá með lýsingum á 6500 stöðum sem voru mun fleiri lýsingar en kaupandinn hafði gert ráð fyrir. http://ferdamalastofa.gistemp.com/vefsjar/vidkomustadir/

Tryggingar fyrir Landhelgisgæsluna: Ríkiskaup buðu út tryggingar fyrir þyrlur og þyrluáhafnir Landhelgisgæslunnar en tryggingar af þessu tagi eru sjaldan boðnar út og seljendur á markaði því óvanir opinberu útboðsferli. Óháðan tryggingaráðgjafa þurfti að fá til aðstoðar þar sem flækjustigið var hátt og sérþekking á málefninu því nauðsynleg. Einungis tvö tilboð bárust, boðin iðgjöld þáverandi tryggingasala sem var lægstbjóðandi voru 54% undir kostnaðaráætlun og kaupandi því að vonum ánægður með niðurstöðuna.

Flotastýring Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins: Boðin var út flotastýring fyrir Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, þ.e. rekstrarleiga og þjónusta um 50 bifreiða sem starfsfólk Heilsugæslunnar notar í störfum sínum. Kaupandi hafði fengið að því er talið var gott tilboð en þrátt fyrir það var ákveðið að fara með flotastýringuna í útboð. Niðurstaðan var sú að lægsta tilboðið var meira en 50% lægra en það sem kaupanda hafði áður verið boðið. Rekstrarkostnaður Heilsugæslunnar fyrir þennan lið lækkaði í kjölfarið um næstum helming.

Þjónustukerfi fyrir Keflavík: Ríkiskaup bauð út fyrir Isavia nýtt hugbúnaðarþjónustukerfi fyrir Keflavík og aðra flugvelli. Farin var sú leið að hafa forval og voru eftir það teknir inn 4 hæfir bjóðendur í þessum geira til þess að bjóða fram lausn sína. Kostnaðaráætlun fyrir útboðið var 250 milljónir en niðurstaða útboðsins var rúmlega 80 milljónir. Með þessu útboði fékkst því sparnaður upp á tæplega 170 milljónir.

Foreinangruð stál- og plaströr: Ríkiskaup starfa einnig fyrir sveitarfélög og sem dæmi um það má nefna að árið 2014 voru boðin út foreinangruð stál- og plaströr fyrir Skagafjarðarveitur og Hitaveitu Húnaþings vestra. Niðurstaða útboðsins var rúmlega 52 milljónum lægri en kostnaðaráætlun gerði ráð fyrir. Það munar um slíkan sparnað fyrir lítil sveitarfélög.

Samningskaup um leigu á þyrlu fyrir Landhelgisgæsluna: Ríkiskaup stóðu fyrir þremur útboðum á leigu á tveimur sérútbúnum björgunarþyrlum fyrir Landhelgisgæsluna sem gætu fallið fyrirvaralítið inn í flugrekstur Gæslunnar, en útboðin skiluðu ekki árangri. Í kjölfarið var gerð ítarleg markaðsrannsókn hjá Landhelgisgæslunni en aðeins einn frambærilegur kostur var í boði að þeirri rannsókn lokinni. Eftir lögfræðiálit var komist að þeirri niðurstöðu að mögulegt væri skv. lögum um opinber innkaup að leigja þyrlu án undanfarandi útboðsauglýsingar á grund-

velli 1. mgr. 32. gr. laga um opinber innkaup en hún fjallar um samningskaup að undangenginni útboðsauglýsingu. Við það náðist umtalsverður ávinningur miðað við kostnaðaráætlun auk þess sem tryggt var öryggi björgunarstarfs Landhelgisgæslunnar.

Ræstingaþjónusta fyrir Rekstrarfélag Stjórnarráðsins, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið og velferðarráðuneytið: Í þessu útboði voru gerðar kröfur til bjóðanda í umhverfis- og gæðamálum m.a. Svansvottun eða sambærilegt. Þá var einnig sú nýbreytni að í stað þess að miða verðbreytingar við vísitölur Hagsofunnar var verksala gert að uppfylla gildandi kjarasamninga Eflingar, stéttarfélags starfsfólks við ræstingar, og skyldu kjör starfsmanna ekki vera lakari en samningar stéttarfélagsins segðu til um. Áður en þessi breyting var gerð höfðu margir eldri samningar gert verksölum erfitt fyrir þar sem þeir voru bundnir vísitölum neysluverðs og gátu því breytingar á kjarasamningum starsfólks sett strik í fastbundin samningsverð og í sumum tilvika gátu verksalar ekki staðið við samningana þar sem þeir fóru halloka gagnvart kaupanda. Einnig var fastsett sú umhverfisstefna í samræmi við áherslur stjórnvalda, að krefjast umhverfisvottunar sem haldist hefur í öllum ræstingarútboðum á vegum ríkisins og leitt til fjölgunar umhverfisvottaðra fyrirtæki á sviði ræstinga.

Hýsing tölvukerfisins Orra: Árið 2015 buðu Ríkiskaup út, fyrir hönd Fjársýslu Ríkisins, alla hýsingu og daglegan rekstur á Orra. Orri er samheiti yfir ýmis kerfi ríkisins, t.d. fjárhags- og mannauðskerfi en allt að 19 þúsund einstaklingar eru tengdir kerfinu með einum eða öðrum hætti. Um örútboð var að ræða á grundvelli rammasamnings um rekstur og hýsingu tölvukerfa. Advania reyndist vera með hagstæðasta tilboðið og var samið til sex ára með heimild til framlengingar um allt að tvö ár. Tilboðið frá Advania hljóðaði upp á kr. 7.850.000 á mánuði en kostnaðaráætlunin var kr. 16.000.000, án VSK. Þannig fékkst sparnaður vegna útboðsins um rúmlega 8 milljónir á mánuði.

Undirritun nýs samnings um hýsingu og rekstur Oracle kerfisins, talið frá vinstri: Eyjólfur Magnús Kristinsson framkvæmdastjóri rekstrarlausna Advania, Gestur G. Gestsson forstjóri Advania, Gunnar Hall fjársýslustjóri og Stefán Kjærnested varafjársýslustjóri.

Hönnunarsamkeppni fyrir markaðsherferðina Inspired by Iceland: Hér notaði Ríkiskaup óhefðbundna aðferð til útboðs þar sem hönnunarsamkeppnir hafa til þessa snúist um hönnun bygginga. Þessi útboðsaðferð virkaði einstaklega vel og tókst prýðilega. Tvær tillögur bárust og voru þær nafnlausar þar til dómnefnd hafði farið yfir tillögurnar og gefið þeim einkunn út frá hugmyndafræði og stefnu herferðarinnar og hvernig hugmyndin samræmdist almannatengslum og samfélagsmiðlum. Auk þess var gefin einkunn fyrir áreiðanleika, frumleika og framkvæmanleika tillögunnar. Kaupandi var afar ánægður með niðurstöðuna.

Stafræn sjónvarpsdreifing RÚV: Ríkiskaup notaði samkeppnisviðræður við þetta innkaupaferli í kjölfar forvals þar sem 6 bjóðendur voru taldir hæfir til þátttöku. Ferlinu var skipt upp í 3 fasa. Það var afar flókið og tímafrekt þar sem ræða þurfti við þátttakendur eftir hvern fasa með það að markmiði að þróa einn eða fleiri valkosti sem gætu mætt kröfum kaupanda. Á meðan á viðræðum stóð skiluðu aðeins tveir bjóðendur, annar innlendur en hinn erlendur, tvisvar tillögum að lausnum og síðan lokatilboði. Annar bjóðandinn var með 2 tilboð. Niðurstaða innkaupaferlisins var hagkvæm og í samræmi við væntingar kaupanda. Sjónvarpsútsendingar um örbylgjunet heyra núorðið til undantekninga og verður þeim seinustu hætt í áföngum sumarið 2017.

Keflavik Airport Masterplan. Þróunaráætlun til 25 ára fyrir Keflavíkurflugvöll: Þetta verkefni var tvíþætt. Fyrst var forval og í kjölfarið fór fram lokuð hönnunarsamkeppni um þróunaráætlun fyrir Keflavíkurflugvöll til 25 ára. Þar sem umferð um flugvöllinn hefur aukist mjög undanfarin ár var nauðsynlegt að gera langtímaáætlun um uppbyggingu flugvallarins. Tíu þátttökutilkynningar bárust víðs vegar að og var 6 þátttakendum boðið að taka þátt í lokaðri samkeppni. Þeir sem skiluðu tillögu fengu greitt fyrir þátttökuna.

Allir sex sendu inn nafnlausa tillögu um þróunaráætlun. Þegar dómnefnd hafði yfirfarið þær var öllum hagsmunaaðilum verkefnisins boðið að vera viðstaddir þegar tilkynnt var um vinningstillögu og opnun sýningar á öllum tillögum. Jafnvel þeir sem höfðu tekið þátt í innkaupaferlum í mörgum löndum lýstu hrifningu sinni af formfestu og fagmennsku í vinnubrögðum Ríkiskaupa.

Hægt er að skoða afurð verkefnisins á: http://betterairport.kefairport.is/masterplan/

Nýr auglýsingavefur fyrir útboð hins opinbera, utbodsvefur.is, fór í loftið vorið 2015. Verkefninu var stýrt frá Ríkiskaupum en unnið í samvinnu við fjármála- og efnahagsráðuneytið. Á vefnum birta átta opinberir aðilar sínar útboðsauglýsingar en þeir eru auk Ríkiskaupa: Framkvæmdasýsla ríkisins, Gagnaveitan, Landsnet, Orka náttúrunnar, Orkuveita Reykjavíkur, Reykjavíkurborg og Vegagerðin.

Nýsköpun við innkaup

Eitt af meginmarkmiðum Ríkiskaupa er að auka nýsköpun og skilvirkni í innkaupum. Sú nýbreytni var tekin upp á tímabilinu að beita svokallaðri „agile“ aðferð við útboð á upplýsingatækni fyrir ríkisstofnanir. Agile - hugmyndafræðin á rætur sínar að rekja til þróunar á hugbúnaði og kemur til vegna þess að erfitt er að festa niður skilmála um eiginleika hugbúnaðar í upphafi þróunarferils þar sem of margar breytur eru óþekktar. Í staðinn er tekið tillit til þess að þarfir kaupanda eru óljósar í upphafi og verða til í þróunarferlinu. Þegar þessari aðferð er beitt verður ekki til samningur með fyrirfram skilgreindum ákvæðum um eiginleika vörunnar heldur þróunarsamningur fyrir hugbúnað. Þannig verða innkaupin markvissari og falla betur að raunverulegum þörfum kapandans.

Nokkur verkefni af þessu tagi voru unnin með góðum árangri, t.d. upplýsingatækniútboð fyrir Lánasjóð íslenskra námsmanna og Fjármálaeftirlitið. Verkefnið fyrir Fjármálaeftirlitið fólst í því að forrita vefkerfi í Microsoft sem er hluti af innri kerfum FME. Bjóðendur voru valdir með nýstárlegri aðferð þar sem öllum hæfum bjóðendum var boðið að taka þátt í vinnubúðum með þróunarteymi FME sem vinnur samkvæmt Agile/Scrum aðferðafræði. Þarna var lögð áhersla á að velja gott þróunarteymi með útboði. Valforsendur voru hvoru tveggja gæðaeinkunn og tímaverð. Eftir að samningur komst á hóf teymið vinnu í húsakynnum FME sem lagði til starfsaðstöðu, tölvur og þróunartól og vann að framgangi verkefnisins með Agile/Scrum aðferðafræðinni. Niðurstaðan var mjög góð og fékkst að sögn FME betri hugbúnaður en starfsfólk þess hafði haft hugmyndarflug til að biðja um upphaflega. Þessi aðferðafræði hefur verið þróuð áfram í öðrum verkefnum en hún hentar vel þegar smíða á sérhæfðan hugbúnað og kaupandi hefur þekkingu til að stjórna verkefninu með þessum hætti.



Eignasala

Talsverðar breytingar urðu á fyrirkomulagi eignasölu Ríkiskaupa árið 2015 en þá var bílasölu útvistað til Bílauppboðs ehf. (Króks) og samningur var gerður við rafræna markaðstorgið Bland, um sölu á lausafjármunum í eigu ríkisstofnana. Ríkiskaup bera þó áfram ábyrgð á að koma verðmætum í sölu ef þess er óskað og taka við slíkum verkefnum frá A-hluta stofnunum ríkisins.



Ráðgjafar Ríkiskaupa hafa reynslu og þjálfun í að beita margvíslegum innkaupaferlum fyrir opinbera aðila. Má þar helst telja:

- Almennt útboð
- Rammasamninga
- Forval og lokað útboð
- Samkeppnisviðræður
- Samningskaup
- Hönnunarsamkeppni
- Verðfyrirspurn

Lögum samkvæmt eiga opinberir aðilar, bæði ríki og sveitarfélög og stofnanir og fyrirtæki á þeirra vegum að bjóða út innkaup sem fara yfir viðmiðunarfjárhæðir, annars vegar innanlands og hins vegar á Evrópska efnahagssvæðinu. Sveitarfélög skulu setja sér innkaupareglur undir viðmiðunarfjárhæðum á Evrópska efnahagssvæðinu en samkvæmt þeim er oft fyrir hendi útboðsskylda langt undir innlendum viðmiðunarfjárhæðum.

Innviðir

Miklar breytingar urðu á innviðum stofnunarinnar á tímabilinu. Innleitt var nýtt verkefnastjórnunarkerfi á árinu 2015, WorkPoint, sem byggt er á SharePoint grunni en kerfið er jafnframt bæði gagnagrunnur og skjalavistunarkerfi. Með innleiðingunni var GoPro kerfi frá árinu 1999 aflagt. Helsti ávinningur með nýja kerfinu er að það er hannað út frá verkefnastjórnun þjónustuverkefna stofnunarinnar sem fylgja föstu verkferli. Þá er kerfið gagnagrunnur um þjónustuverkefni sem geymir ýmsar upplýsingar sem munu auðvelda mælingar og söfnun tölfræði um starfsemina. Hönnun kerfisins tekur mið af kröfum Þjóðskjalasafns Íslands um málastýringu og var nýr málalykill, samþykktur af Þjóðskjalasafninu, tekinn í notkun samhliða.

Þá má nefna að árið 2014 var fjárhagskerfi ríkisins, Oracle, tekið í notkun. Einnig var í kjölfar útboðs, samið við nýjan þjónustuaðila varðandi hýsingu og rekstur upplýsingatæknikerfa Ríkiskaupa í upphafi árs 2015.

Á tímabilinu var aflögð lageraðstaða sem Ríkiskaup nýttu á árum áður þegar stofnunin sinnti innkaupum fyrir ríkið og hélt lager á m.a. pappír og ýmsum rekstrarvörum.

Lögð var áhersla á að skipuleggja betur vinnuferla og skjalamál stofnunarinnar. Í upphafi ársins 2013 hófst undirbúningur að greiningu ferla og uppsetningu á ferlislíkani fyrir starfsemi Ríkiskaupa í samstarfi við ráðgjafafyrirtækið 7.is. Ætlunin var að hefja markvisst gæðastarf sem síðar myndi leiða til vottunar með gæðastjórnunarkerfi samkvæmt ISO 9001. Þetta krafðist mikillar vinnu af starfsmönnum á sama tíma og álag vegna aukinna verkefna jókst til muna og var því ráðinn til starfa reyndur gæðastjóri í lok árs 2014. Þá var byrjað á að byggja upp Sarpinn, gæðahandbók stofnunarinnar, í nýju málaskránni, Workpoint. Tekið var upp ábendingakerfi innanhúss og mörg umbótaverkefni sett af stað. Stefnt er að vottun gæðakerfisins skv. ISO 9001 gæðastjórnunarstaðlinum.

Í samræmi við 6. gr. laga nr. 66/1985 um Þjóðskjalasafn Íslands hófst í júní 2013 pökkun á elstu pappírsskjölum stofnunarinnar til varanlegrar geymslu hjá Þjóðskjalasafni Íslands. Skjöl um útboðsverkefni, samninga, sölu eigna og fyrirspurnir stofnunarinnar frá árinu 1958 til ársins 1992 var pakkað og skilað til Þjóðskjalasafnsins.

Á haustþingi 2015 lagði fjármála- og efnahagsráðherra fram nýtt frumvarp um opinber

Lageraðstaða Ríkiskaupa rýmd. Hallgrímur Gröndal, Halldór Ó. Sigurðsson, Guðmundur Hannesson og Sigurður Kr. Björnsson létu ekki sitt eftir liggja.

innkaup. Þegar frumvarpið verður að lögum mun það hafa ýmsar breytingar í för með sér. Í því eru m.a. kynnt til sögunnar ný innkaupaferli, nýsköpunarsamstarf og samkeppnisútboð, sem bjóða upp á aukinn sveigjanleika við opinber innkaup.

Vegna krafna í tilskipunum um opinber innkaup sem verða innleiddar með lögunum verða Ríkiskaup að undirbúa kaup á rafrænu útboðskerfi sem þarf að komast í gagnið árið 2017.

Fræðslustarf

Fræðslu- og kynningarstarf er nauðsynlegur þáttur í starfi Ríkiskaupa til þess að upplýsa hagsmunaaðila um starfsemina og lagalegar skyldur opinberra aðila við opinber innkaup. Farið er í heimsóknir til helstu viðskiptavina, haldin námskeið, ýmist í húsakynnum Ríkiskaupa eða annars staðar auk þess sem Ríkiskaup standa fyrir ráðstefnu annað hvert ár um nýjungar og breyttar áherslur í opinberum innkaupum.

Á tímabilinu var fræðslustarfið aukið sem skilaði sér í fjölgun ráðgjafaverkefna og örútboða og auknu samstarfi Ríkiskaupa við stofnanir bæði ríkis og sveitarfélaga. Á árinu 2015 var sett saman tveggja daga námskeið um opinber innkaup í samstarfi við Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála. Eftirspurnin var meiri en áætlað var og þurfti því að halda námskeiðið tvisvar það haust.

Námskeið um opinber innkaup haustið 2015

Námskeið um opinber innkaup - Guðmundur Hannesson forstöðumaður ráðgjafasviðs í ham!

Ríkiskaup standa að jafnaði fyrir innkauparáðstefnu annað hvert ár þar sem tekið er fyrir efni sem efst er á baugi varðandi opinber innkaup. Ráðstefnan 2013 bar yfirskriftina „Fagmennska í fyrirrúmi“, þar sem áherslan var á nýsköpun, samfélagslega ábyrgð og góða starfshætti. Þar voru kynnt viðmið um góða starfshætti fyrir starfsmenn sem annast opinber innkaup. sem fjármála- og efnahagsráðuneytið gaf út. Í nóvember 2015 var norræn vika grænna innkaupa höfð í heiðri og var innkauparáðstefnan af því tilefni helguð þessum málaflokki, með áherslu á vistvæn innkaup. Samhliða var haldin kaupstefna umhverfisvottunarmerkisins Svansins. Góð þátttaka var á innkauparáðstefnunni en um 150 manns mættu til leiks og gáfu ráðstefnunni góða einkunn. Þess má geta að Ríkiskaup fengu á ráðstefnunni viðurkenningu fyrir að hafa náð fyrsta græna skrefinu.

Árlega fær Ríkiskaup heimsókn frá laganemum í útboðsrétti og stjórnmálafræðinemum á 1. ári.

Glaðir gestir innkauparáðstefnunnar 2013

Innkauparáðstefnan 2013: Birna Guðrún Magnadóttir fræðslustjóri Ríkiskaupa, Sigurður Helgason skrifstofustjóri í fjármála- og efnahagsráðuneyti, Halldór Ó Sigurðsson forstjóri Ríkiskaupa, Dagmar Sigurðardóttir yfirlögfræðingur Ríkiskaupa, Páll Gunnar Pálsson forstjóri Samkeppniseftirlitsins, Jón Ingi Benediktsson skrifstofustjóri á Ríkisútvarpinu, Guðmundur Hannesson forstöðumaður ráðgafarsviðs Ríkiskaupa og Sigurður Kr. Björnsson forstöðumaður viðskiptaþróunarsviðs Ríkiskaupa.

Innkauparáðstefnan 2015: Gísli Þór Gíslason, verkefnastjóri Ríkiskaupa, spáir í Svansmerkið

Innkauparáðstefnan 2015

NORRÆN VIKA GRÆNNA INNKAUPA 2015

Fyrsta græna skrefið í höfn: Birna Guðrún Magnadóttir, Indriði Waage og Salvör Gyða Lúðvíksdóttir, verkefnastjórar Ríkiskaupa.

Græn skref í ríkisrekstri snúast um að efla vistvænan rekstur ríkisins með kerfisbundnum hætti. Aðgerðirnar miða einkum að venjulegri skrifstofustarfsemi og hafa jákvæð áhrif á umhverfið, bæta starfsumhverfi starfsmanna og draga úr rekstrarkostnaði.

Aðgerðirnar sem Grænu skrefin ná til snerta sex þætti, þ.e. innkaup, miðlun og stjórnun, fundi og viðburði, flokkun og minni sóun, rafmagn og húshitun og loks samgöngur. Skrefin eru innleidd í fjórum áföngum en fimmta og síðasta skrefið sýnir helstu aðgerðir sem þarf að innleiða til að byggja upp umhverfisstjórnunarkerfi.

Samstarfsverkefni

Ríkiskaup taka þátt í ýmsu samstarfi innan lands og utan, ýmist til eflingar starfseminni eða til að vinna sameiginlega að framgangi mála á sviði opinberra innkaupa.

Vistvæn innkaup: Ríkiskaup tóku þátt í stýrihópi og verkefnahópi um vistvæn innkaup á vegum umhverfis- og auðlindaráðuneytisins og fjármála- og efnahagsráðuneytisins. Í apríl árið 2013 samþykkti ríkisstjórnin tillögu stýrihóps um vistvæn innkaup og grænan ríkisrekstur. Í stefnunni er fjallað um hvernig samþætta á umhverfissjónarmið góðum innkaupaháttum við innkaup ríkisins og hvernig opinberir aðilar geta gert rekstur sinn grænni. Árið 2014 stóð stýrihópurinn fyrir ráðstefnu þar sem kynnt voru græn skref ríkisstofnana og aðgerðir Ríkiskaupa til þess að koma vistvænum skilmálum inn í rammasamninga. Norrænn vinnuhópur um vistvæn skilyrði í opinberum innkaupum hélt ráðstefnu í Stokkhólmi árið 2014 og var þar fjallað var um árangur Íslands við að nota rammasamninga til þess að styðja við vistvæn innkaup.

Rafræn innkaup: Þessi málaflokkur er fjölbreyttur og víðfeðmur og hafa starfsmenn Ríkiskaupa komið að honum með margvíslegum hætti. Verður hér stiklað á því helsta í því starfi árin 2013-2015.

- *Rafræn innkaupastefna:* Um mitt árið 2008 lágu fyrir drög að stefnu, markmiðum og áherslum um rafræn innkaup ríkisins. Aðstæður í þjóðfélaginu á þeim tíma urðu til þess að áform þeirrar stefnu komust aðeins að litlu leyti í framkvæmd. Vinna stýrihóps við gerð nýrrar stefnu hófst haustið 2012 og hélt áfram árin 2013 – 2015 undir stjórn Guðrúnar Ögmundsdóttur sérfræðings í fjármála- og efnahagsráðuneyti með fulltrúa Fjársýslu ríkisins, forstjóra Ríkiskaupa og síðar einnig ráðgjafa Admon ehf. Á starfi hópsins hægði eftir að vinna hófst árið 2014 við breyttar áherslur í opinberum innkaupum. Árið 2013 var sú stefna mörkuð að ríkið tæki eingöngu við rafrænum reikningum. Í árslok 2015 höfðu verið lagðar línur fyrir nýjan sameiginlegan útboðsvef og útboðskerfi með það að markmiði að uppfylla tímanlega kröfur tilskipunar Evrópuþingsins og -ráðsins nr. 2014/24/ESB um opinber innkaup.

- *Sameiginlegur útboðsvefur:* Undirbúningur að opnun sameiginlegs vettvangs fyrir allar

útboðsauglýsingar opinberra aðila hófst í lok árs 2013 undir stjórn Ragnars Davíðsonar verkefnastjóra Ríkiskaupa og lauk með opnun hans í maí 2015. Markmið með vefnum er að auðvelda aðgengi áhugasamra að upplýsingum um fyrirhuguð innkaup opinberra aðila, Á vefslóðinni utbodsvefur.is birtast auglýsingar og tilkynningar um fyrirhuguð innkaup opinberra aðila sem falla undir lög og reglugerðir um opinber innkaup. Undir það flokkast innkaup ríkis, sveitarfélaga og veitufyrirtækja þegar fjárhæðir innkaupa eru yfir innlendum og erlendum útboðsmörkum. Á útboðsvefnum geta opinberir aðilar einnig auglýst innkaup undir viðmiðunarmörkum til að tryggja gegnsæi. Eftirtaldir aðilar ásamt fjármála- og efnahagsráðuneytinu unnu saman að stofnun hins nýja útboðsvettvangs: Framkvæmdasýsla ríkisins, Landsnet, Orkuveita Reykjavíkur, Reykjavíkurborg, Ríkiseignir, Ríkiskaup og Vegagerðin.

- *Útboðskerfi:* Árið 2007 hófst undirbúningur að fyrsta útboði á rafrænu útboðkerfi með samstarfi 10 aðila: fjármála- og efnahagsráðuneytis, ríkisstofnana, sveitarfélaga og veitustofnana. Staðið var fyrir forvali og sérstöku lokuðu útboði vorið 2009. Innkaupaferlinu lauk ekki að fullu vegna efnahagsástandsins. Þótt áfram hafi verið fylgst með þróun kerfa á markaði og kynningarefnis aflað þá hafði forgang á þeim árum að endurnýja fjárhags- og verkefnastjórnunarkerfi Ríkiskaupa. Áðurnefnd ný tilskipun nr. 2014/24/ESB gerir kröfu um að rafrænt útboðskerfi verið innleitt ekki síðar en árið 2017.

- *Rafrænir reikningar:* Í lok árs 2012 tók ríkið aðeins við 2% reikninga með rafrænum hætti. Aukning gekk of hægt miðað við augljósan ávinning af aukinni notkun rafrænna reikninga. Fjármála- og efnahagsráðuneytið ákvað því að hraða viðtöku rafrænna reikninga vegna kaupa á vörum og þjónustu og einnig útsendingu þeirra frá ríkisstofnunum. Þann 10. febrúar 2014 sendi ráðuneytið út frétt um að verkefnið hefði verið kynnt ríkisstjórninni. Aðgerðir í þessum efnum myndu spara ríkinu hundruð þúsunda árlega. Í tengslum við þetta komu Ríkiskaup að gerð skilmála um „Almenn viðskiptakjör ríkisins við kaup á vörum eða þjónustu“ sem tóku gildi á sama tíma í samvinnu við Fjársýslu ríkisins og ráðuneytið. Samhliða var ákvæðum rammasamninga breytt að þessu leyti. Ríkiskaup hófu einnig mótttöku rafrænna reikninga árið 2015.

- *IcePro:* IcePro er vettvangur samstarfs um rafræn viðskipti og hefur um árabil unnið markvisst að framgangi rafrænna viðskipta. Ríkiskaup eru virkur þátttakandi í viðburðum samtakanna. Forstjóri Ríkiskaupa hélt m.a. erindi um rafræna innkaupastefnu ríkisins á aðalfundi Icepro í febrúar 2014.

- *EXEP (Multi-Stakeholder Expert Group on eProcurement):* Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins bauð Ríkiskaupum taka þátt í stofnfundi EXEP 21. október 2014. EXEP samanstendur af ýmsum sérfræðingum í innkaupum, einkum rafrænum, frá aðildarlöndum Evrópusambandsins, stofnunum þess, auk fulltrúa frá Evrópska efnahagssvæðinu og fulltrúum frá BUSINESSEUROPE, CEN/BII, CPB Network (miðlægum innkaupastofnunum Evrópu), eSENS, EUPLAT, European Construction Industry Federation, European Multi-stakeholder-forum on eInvoice, open-PEPPOL og sveitastjórna- og svæðaráði Evrópu. Forstjóri Ríkiskaupa tók þátt í starfi undirhóps um lausnir og samvirkni. Tilgangur samstarfsins var m.a. að safna saman upplýsingum um og mæla með leiðum til

stöðlunar rafrænna útboðskerfa í Evrópu. Þá var unnið að ráðleggingum til kaupenda ef tækni kerfanna bregst. Þá var skiptst á skoðunum um samvirkni kerfa í tilboðshluta innkaupaferilsins. Hópurinn hittist hálfsárslega og á milli voru símafundir. Af hálfu Ríkiskaupa voru á tímabilinu 2014 sóttir 2 fundir og að öðru leiti setnir símafundir og aðrir fundir með fjarfundabúnaði.

Starfshópur um árangursríka samvinnu ríkis og einkamarkaðar: Fjármála- og efnahagsráðherra skipaði starfshóp í maí 2014 sem vinna átti að því að gera núverandi innkaupaaðferðir markvissari og árangursríkari. Birna G. Magnadóttir var skipuð í hópinn en auk hennar unnu forstjóri og aðrir starfsmenn Ríkiskaupa að greiningum og fleiru. Tillögur starfshópsins voru kynntar í mars 2015. Þær snéru einkum að því að ríkið gæti náð fram umtalsverðum sparnaði í innkaupum með því að leggja áherslu á sameiginleg innkaup, örútboð og skuldbindandi viðskipti við færri birgja.

Stýrihópur um bókun 2 í kjarasamningi BHM og fjármála- og efnahagsráðherra: Forstjóri Ríkiskaupa tók sæti í stýrihópnum sem fulltrúi stjórnar Félags forstöðumanna ríkisstofnana (FFR) haustið 2014, ásamt fulltrúum Mannauðssýslu ríkisins og BHM. Stýrihópnum var falið að meta hvaða tilteknu breytingar á formgerð, uppbyggingu eða innihaldi stofnanasamninga yrðu til framþróunar. Í þeim tilgangi voru valdar nokkrar stofnanir og stofnanasamningar þeirra endurskoðaðir. Gefin var út handbók um gerð stofnanasamninga og og tilraunaverkefni um notkun frammistöðumats ýtt úr vör með þátttöku um 30 stofnana ríkisin, þar á meðal Ríkiskaupa.

Innleiðing laga um opinber fjármál, vinnuhópur um samræmingu upplýsingakerfa fyrir áætlanagerð og reikningshald: Halldór Ó. Sigurðsson forstjóri Ríkiskaupa tók sæti, fyrir hönd FFR, í einum af fimm vinnuhópum á vegum fjármála- og efnahagsráðuneytisins sem undirbjuggu framkvæmd og innleiðingu nýs verklags í samræmi við frumvarp til laga um opinber fjármál. Halldór tók þátt í vinnuhópi um upplýsingakerfi og stýrði vinnu sérstaks undirhóps sem leitaði lausna til ítarlegri greininga bókhaldsupplýsinga í Orra. Hóparnir skiluðu af sér tillögum í lok ársins 2015.

Verkefnastjórn um sameiginleg innkaup ríkisstofnana: Verkefnastjórnin var skipuð af fjármála- og efnahagsráðherra haustið 2015. Formaður verkefnisstjórnar er Ásbjörn Óttarsson, fyrrverandi þingmaður en í teyminu eru einnig fulltrúar frá Landspítalanum, Fjársýslunni og Ríkiskaupum. Drífa Guðjónsdóttir Plank var skipuð í verkefnisstjórnina fyrir hönd Ríkiskaupa. Fyrsti áfangi er hafinn sem felst í greiningu, undirbúningi áætlanagerðar, söfnun upplýsinga frá stofnunum og tilraunaútboðsverkefnum

Samstarf miðlægra innkaupastofnana í Evrópu: Frá árinu 2012 hafa Ríkiskaup verið virkir þátttakendur í samstarfi miðlægra innkaupastofnana í Evrópu. Samstarfið hófst í apríl 2012 þegar miðlægar innkaupastofnanir 4 ríkja Evrópusambandsins, Austurríkis, Danmerkur, Finnlands og Ítalíu hittust í Kaupmannahöfn til þess að ræða drög að nýrri tilskipun um opinber innkaup. Ríkiskaup bættust í hópinn á 2. fundi í Vín í október 2012, ásamt innkaupastofnunum Frakklands, Portúgal og Þýskalands. Þátttökustofnanir voru orðnar 15 í árslok 2015 og skiptast þær á að halda fundina sem jafnan eru haldnir hálfsárslega. Megintilgangur samstarfsins er að miðla þekkingu, skiptast á skoðunum og leita bestu leiða við rekstur stofnana og þeirrar þjónustu sem þær bjóða. Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins sýnir þessu samstarfi mikinn áhuga og hefur verið með áheyrnarfulltrúa á

fundunum sem eru fengnir til að kynna helstu fréttir og áherslur sem sambandið hefur á hverjum tíma auk þess að taka við athugasemdum og tillögum frá þátttakendum.

Árin 2013 til 2015 voru fundir haldnir í Róm (okt 2013), Lissabon (maí 2014), Reykjavík (október 2014, (París (maí 2015), og í Zagreb (október 2015).

Norrænir samstarfsfundir: Fulltrúar Ríkiskaupa ásamt fulltrúum fjármála- og efnahagsráðuneytis hafa um árabil tekið virkan þátt í samnorrænum fundum um innkaupatilskipanir Evrópusambandsins og framkvæmd þeirra. Fundir eru haldnir einu sinni á ári og skiptast þátttökulönd á að halda þá. Árið 2013 var fundað í Osló, 2014 í Helsinki og 2015 í Reykjavík. Meginumræðuefni þessara funda er túlkun ákvæða tilskipananna, framkvæmd þeirra og hvernig þjóðirnar geta stutt hvora aðra í þeim efnum.

Nordic Public Procurement Forum: Lög um opinber innkaup byggjast á tveimur tilskipunum, nr. 17/2004 (veitutilskipunin) og 18/2004 (opinber innkaup). Löggjöfin er talsvert flókin þar sem tilskipanirnar fela í sér sameiginlega niðurstöðu ólíkra ríkja með ólík réttarkerfi. Stundum kemur til kasta Evrópudómstólsins að skera úr um túlkun á þeim. Skýra ber lög um opinber innkaup til samræmis við niðurstöður Evrópudómstólsins. Þ.a.l. er mikilvægt að lögfræðingar og aðrir sérfræðingar Ríkiskaupa fylgist vel með því sem er að gerast í Evrópu. Ríkiskaup leitast við að senda fulltrúa á árlega ráðstefnu Nohrcon í Kaupmannahöfn sem kallast Nordic Public Procurement Forum. Ráðstefnan er að jafnaði haldin á haustin og þar eru helstu sérfræðingar Evrópu með fyrirlestra og ráðstefnugestir víðs vegar frá Evrópu sem bera saman bækur sínar.

Fjármál og rekstur

Á tímabilinu 2013 – 2015 reyndi mikið á fjárhag Ríkiskaupa. Þá var gengið á nánast allt eigið fé, eða um tæplega 70 milljónir. Í lok tímabilsins var þó reksturinn að ná jafnvægi. Ástæður þessa voru einkum kostnaðarsamar fjárfestingar, hækkun launakostnaðar og ójafnvægi í hefðbundnum rekstri. Árið 2012 var ákveðið að Ríkiskaup skyldu innleiða Oracle fjárhagskerfið. Innleiðing þess hófst árið 2013 og lauk að hluta árið 2015. Kostnaður vegna aðlögunar Ríkiskaupa að kerfinu voru rúmir tveir tugir milljóna á tímabilinu, samt var innleiðing innkaupakerfis ekki hafinn. Fastur rekstrarkostnaður kerfisins er nokkuð lægri sem vinnur upp fjárfestinguna til lengri tíma litið. Einnig var skipt um verkefnastjórnunarkerfi á árinu 2015 sem er hluti af fjárfestingarkostnaði þessara ára. Árlegur launa- og starfsmannakostnaður jókst um 30% á tímabilinu. Hlutfall hans af heildarrekstrargjöldum var 75% árið 2012 en orðið 83% árið 2015. Samdráttur í tekjum hafði einnig sín áhrif á rekstrarniðurstöður. Vöru- og eignasala dróst saman um 23 mkr. árið 2014. Þá var einnig sama ár tímabundin minnkun útseldrar útboðsþjónustu sem rakin er til hækkunar viðmiðunarfjárhæðar útboðsskyldu.

Á skífuritunum eru tilteknir helstu tekjuliðir Ríkiskaupa. Útseld vinna Ríkiskaupa byggir á skráningu í verkbókhald Ríkiskaupa sem geymir upplýsingar um tíma starfsmanna og önnur aðföng er tengjast verkefnunum en allir starfsmenn Ríkiskaupa þurfa að skrá tíma sinn á mismunandi verkefni. Vinnustund, viðverukerfi Ríkiskaupa, er beintengt verkbókhaldskerfi Oracle og er forsenda þessarar skráningar. Hér á eftir fara nánari skýringar á tekjuliðum.

Innkaupaþjónusta: Hér er m.a. um að ræða innkaupa-, innflutnings- og tollþjónustu í kjölfar útboðs ásamt innkaupagreiningu og margvíslegri ráðgjöf. Ríkiskaup kaupir inn skv. pöntun viðskiptavinar og selur áfram til hans. Ef um innkaup erlendis er að ræða er varan einnig tollafgreidd af Ríkiskaupum. Hlutfallið í skífuritunum vegna þessa tekjuliðs er nettó framlegð af viðskiptunum en brúttóvelta fer oft yfir 1 milljarð króna án virðisaukaskatts eins og upphæð tekjuliðar rekstrarreiknings ber með sér.

Útboðsþjónusta: Hér er um að ræða selda tíma starfsmanna fyrir þjónustu til viðskiptavina, auk aðkeyptra annarra aðfanga sem seld eru til viðskiptavina, allt eftir eðli verkefna. Dæmi um aðföng eru auglýsingabirtingar og sérfræðiráðgjöf.

Lögfræðiþjónusta og eignasala: Útseld vinna lögfræðinga og þóknun vegna eignasölu. Öll seld tímavinna Ríkiskaupa er háð gildandi gjaldskrá sem fjármála- og efnahagsráðuneytið gefur út að höfðu samráði við Ríkiskaup.

Rammasamningatekjur: Í samræmi við samninga og gildandi gjaldskrá taka Ríkiskaup allt að 2% þóknun af viðskiptum kaupenda innan rammasamninga, sem seljendur halda eftir í sínum viðskiptum og skila til Ríkiskaupa á ársfjórðungsfresti.

Annað: Hér undir falla tekjur vegna sérverkefna sem styrkt eru af fjármála- og efnahagsráðuneytinu auk tekna af námskeiðs- og ráðstefnuhaldi Ríkiskaupa. Árið 2014 var Oracle innleitt sem breytti því hvernig ákveðnir tekjuliðir eru bókaðir og skýrir það af hverju þessu liður er hverfandi eftir 2013.









Rekstrarreikningur

	2015	2014	2013
Tekjur			
Sértekjur	1.282.597.018	1.336.457.381	1.506.152.077
Markaðar tekjur	0	0	0
Aðrar rekstrartekjur	0	0	0
Tekjur samtals	**1.282.597.018**	**1.336.457.381**	**1.506.152.077**
Gjöld			
Almennur rekstur	**1.296.871.503**	**1.365.401.957**	**1.536.329.665**
101 Ríkiskaup	1.296.871.503	1.365.401.957	1.536.329.665
Gjöld samtals	**1.296.871.503**	**1.365.401.957**	**1.536.329.665**
Tekjur umfram gjöld	**-14.274.485**	**-28.944.576**	**-30.177.588**
Framlag úr ríkissjóði	3.000.000	800.000	0
Hagnaður/tap ársins	**-11.274.485**	**-28.144.576**	**-30.177.588**

Jólagleði starfsmanna árið 2013

Myndin skýrir sig sjálf...

Ríkiskaupafroskurinn!

Haldið upp á stórafmæli Önnu Sóleyjar 2013

Árshátíð starfsmanna í Tallinn 2013

Brugðið á leik á árshátíð starfsmanna á Hótel Glym 2014

Árshátíð starfsmanna í Tallinn 2013

RÍKISKAUP

Borgartúni 7c, 105 Reykjavík
Sími: 530 1400
rikiskaup@rikiskaup.is
www.rikiskaup.is